

6. Fundur

Þriðjudaginn 8. október 2024 kom stjórn saman til fundar í fundarsal félaganna 3. hæð suður og hófst hann kl. 17:30.

Mættir voru: Agnes Reykdal, Claudia Lobindzus, Eiður Stefánsson, Halldór Óli Kjartansson, Jón Grétar Rögnvaldsson, María Rut Dýrfjörð, Stefanía Árdís Árnadóttir og Stefán Jónsson.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá formanni.
 - a. Upplýsingar frá þingi AN sem haldið var 3.-4. október á Illugastöðum.
 - b. Formaður kynnti hugmyndir að lyklalausuaðgengi fyrir orlofskosti félagsins og að skrifstofu. Búið er að fá tilboð í verkið sem er upp á tæpar 2,5 milljónir. Farið verður í frekari viðræður ef samþykki fæst fyrir uppsetningu í Mánatúni.
2. Gallup.

María Rut kom og kynnti spurningalista frá Gallup. Góðar umræður sköpuðust.
3. Átta mánaða uppgjör kynnt.
4. Greiðsla fyrir fundi trúnaðarmanna.

Hugmynd að halda 2-4 fundi fyrir trúnaðarmenn og greiða þeim fyrir til að auka samskipti, veita hvata og byggja undir starf félagsins. Greitt verður fyrir hvern fund eins og stjórnarlaun, áætlaður kostnaður er 3 milljónir kr. Það var samþykkt.
5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.